

Látra Björg

Betadeild: haust 2006

Haldóra Haraldsdóttir

Hér á eftir fer umfjöllun um Látra Björgu en það er sú nafngift sem þessi kjarnakona er helst þekkt undir í nútímanum.

Björg Einarsdóttir eða Björg frá Látrum eins og hún var kölluð af sínu samtímafólki var fædd árið 1716 að Stærra Árskógi á Árskógsströnd. Nokkurra ára flutti hún ásamt foreldrum sínum að Látrum á Látraströnd. Þegar foreldrarnir fluttu þaðan aftur varð Björg eftir og ólst hún upp á Látrum og hefur hún verið kennd við þann stað.

Að Björgu stóðu, í báðar ættir virðingamenn, greindir, hagnæmtir, stórbrotnir í lund og gjarnan taldir erfiðir í samskiptum Björg er sögð hafa sótt margt til þessara fedra sinna en líf hennar varð þó með mjög svo öðrum hætt en flestra þeirra. (Tómas Guðmundsson 1964). Upplýsingar um æfi Bjargar tengjast helst vísunum hennar. Þó eru til heimildir um útlit og lund Bjargar, en það eru ekki samtímaheimildir heldur lýsingar frá því um 70 árum eftir dauða hennar og ber sú munnmælamynd mikinn þjóðsögukeim; þar er dregin upp mynd hinnar kynngimögnuðu og ferlegu förukonu vel lýst í heimild Tómasar Guðmundssonar (1964). Hann segir “*Af mynd hennar stafar hvarvetna frumrænn og hrikalegur náttúrukraftur, eins og sjálfur andi norðurhvelsins, öræfa og úthafs, hafi tekið sér þar bólfestu*”. (25) Björg er sögð hafa tekið skjótum andlegum og líkamlegum þroska, haft eldlegar gáfur og stórbrotna skapsmuni. Hún er sögð hafa haft sterkara svipmót en kynsystur hennar og á efri árum kvenna ferlegust ásýndum (TG bls. 19). Í lýsingum á Björgu er gjarnan vísað til hinnar hrikalegu náttúru Látrastarandarinnar til þess að gefa til kynna tengsl persónunnar og skáldskapar hennar við hin mögnuðu náttúruöfl. Tómas Guðmundsson lýsir Látraströndinni svo:

... Ganga þar þverhniptir hamrar í sjó fram en hið efra rís snarbratt fjall ... Mjög er brimasamt þarna og fárviðri tíð og verða þar verðabrigði með skjótari hætti en annarsstaðar þekkest. Á hinn bóginn er þar oft fiskigengd mikil alveg upp við landsteina en lending er þar ill og ærið hættusöm (13) ... Þegar blæs að norðvestri hrannast þá brimskaflarnir upp að klettunum og greiða þeim slík högg að allt virðist leika á reiðiskjálfi. En ferlegast verður á þessum slóðum í norð-austan vetrarhríðum. Hleður þá að jafnaði niður hinu mesta fannkyngi svo að snjórinn kembir fram af björgunum og mokast saman í ægiskafla undir hamraveggnum. ... Þegar brimið færast í aukana grefur það sig inn í fannkyngið og brýtur undan því uns eftir standa tröllslegustu snjóhellar, þar sem sjórinn leikur lausum hala, en risavaxnar hvelfingar grípa brimhljóðið og bergmálar það með þúsundföldum gný. (14).

Lýsing Látra Bjargar af ströndinni er svona

Orgar brim á björgum,
bresta ölduhestar,
stapar standa tæpir,
steinar margir veina.
Þoka úr þessu rýkur,
þjóð ei spáir góðu.
Halda sumir höldar
hríð á eftir ríði.

(Guðrún P Helgadóttir 1963 bls 65)

Og líka

Grundir, elfur,
salt og sandar,
sjós með dunum,
undir skelfur
allt af fjandans ólátunum.

(Tómas Guðmundsson. 1964 bls 18)

Ástin vitjaði Bjargar. Trúlega var að ræða franskmann sem kom með skipi að Látrum. Björg og þessi huldumaður bundust heitum en maðurinn mun hins vegar ekki hafa verið við eina fjölinna felldur í kvennamálum og verður það ekki rakið nánar hér en svo fór að maðurinn hvarf á brott með frönsku skipi. Heitrofin munu hafa verið Björgu mikið áfall en persónuleiki hennar leyfði ekki að hún bæri harm sinn á torg. Viðbrögð hennar voru þau að kveðja manninn með heldur ókvenlegum vísum á þessa tíma mælikvarða.

Það sem eftirlifir kveðjunnar hljómar svona;

Komst í vanda kokkállinn,
kviðarbrandinn hristi,
Látrastrandar læsingin
lykilfjandann missti.

(Tómas Guðmundsson 1964 bls 23).

Eftir þessa reynslu lokaði Björg á allar tilfinningar og brynjaði sig heldur kaldranalegum hjúpi. Hún undi ekki lengur á Látrum, lagði land undir fót og hófst þá hin langa föruganga og segja heimildir að aldrei hafi ættstærri, stórbrotnari og stórgáfaðri kona valið sér hlutskipti förukonunnar. Björg átti gott bakland í fjölskyldu sinni og hefði getað notið öryggis sem vissulega var mikilvægt á síðari hluta 18. aldar en hún valdi sér annan kost.

Björg var talin kynngimögnuð og kraftaskáld. Hún fór víða um land og var yfirleitt betur tekið en öðru förufólki, það þótti tryggara að eiga ekki í útistöðum við hana. Hún mun t.d. hafa haft danska okurkaupmenn í vasanum, þeir hræddust það kynngirím sem hún ógnaði þeim með þrátt fyrir að þeir skildu ekki orð. Kaupmennirnir létu hana hafa það sem hún þurfti til farar og þá lét hún fátæklinga gjarnan njóta með sér, þá sem áður hafði verið synjað úttektar hjá þessum sömu kaupmönum.

Björg hélt flakkinu áfram til æviloka. Vorið 1785 var hún veik og lúin stödd á Langanesi, hún vissi að það leið að lokastund. Hún vildi bera beinin á Látrum. Í einni af síðustu vísum hennar kemur þetta fram

Langanes er ljótur tangi.
Lygin er þar oft á gangi.
Margur ber þar fisk í fangi
en fáir að honum búa
- nú vil ég heim til sveitar minnar snúa.

(Tómas Guðmundsson 1964 bls 33)

Björg komst nær heimaslóðum og dó í september árið 1875 – tæplega sextug.

Eins og áður hefur komið fram var Björg í huga almennings ákvæðaskáld sem öðrum fremur átti innangengt hjá hinum æðri máttarvöldum. Það þótti engum vogandi að eiga framtíð sína undir orðum hennar.

Hér eru dæmi um vísur hennar af þessum toga og sagnir sem þeim fylgja.

Björg þótti fiskinn

Einhvern tíman fiskaðist lítið. Félagi Bjargar sögðu að nú kæmi lítið á öngul hjá henni.

Björg kvað

Sendi drottinn mildur mér,
minn á öngul valinn,
flyðru þá sem falleg er,
full hálf þriðja alin.

(Amma 1960 bls. 277)

Og auðvitað kom lúða á öngul Bjargar.

Björg hefur áhrif á veðurofsa

Eitt sinn þegar Björg var á sjó frá Látrum í slæmu veðri báðu skipsverjar hana um að kveða niður vindinn, þar sem hún væri jú kraftaskáld. Björg lét sig hafa það að kveða:

Bið ég höddur blóðugar,
þótt bregði upp faldi sínum,
ránardætur reisugar,
rassi að vægja mínum.

(Amma 1960 bls. 277)

Og viti menn, veðrinu slotaði.

Kveðið yfir ánum

Nágrannakona Bjargar átti í vandræðum með að hafa hömlur á ám sínum. Hún bað Björgu um að spekja þær. Björg kvað yfir ánum og hljómar ein vísan svona:

Krefst ég allra krafta lið
kvæðið sé eflandi
að aldrei fálur fjalla þið
farið úr heimalandi.

(Guðrún P Helgadóttir 1963 bls. 66)

Og hvað haldið þið, ærnar héldu sig á heimaslóðum eftir þetta.

Beiðni um bita

Björg kom að þar sem formaður gerði að hákarli. Hún bað um bita þar sem vel hafði veiðst. Formaðurinn brást illa við; sagði nóga fátækt í sinni sveit svo hann færi ekki að gefa letingja og það úr annarri sveit.

Þá kvað Björg:

Guð alvaldur gefi þér
geðuga fiska fjóra,
hann mun sjálfur hugsa sér
að hafa þá nógu stóra.

(Amma 1960 bls 279)

Nokkru síðar fékk þessi formaður fjóra stóra hákarla. Hann batt tvo á hvort borð og þar sást síðast til þar sem báturinn klofnaði eftir endilöngu.

Silungsveiði

Eitt sinn var Björg stödd í Ólafsfirði hjá bónda að nafni Nikulás. Hún vildi greinilega fá að dvelja lengur en veigraði sér við að spyrja. Bóni áttaði sig á þessu og segir að hún geti fengið að vera lengur ef hún geti séð til þess að hann afli vel.

Björg kvað:

Af önd og munni ég það kýs
að þér lukkan blási
silungsaflinn sé þér vís
sjálfum Nikulási.

(Amma 1960. bls. 280)

Og svo varð, Nikulás fékk vel af silungi.

Grímsey færð!

Samgöngur voru erfiðar við Grímsey og gerðist það ekki ósjaldan að skip færust á leiðinni á milli lands og eyjar. Komið var að máli við Björgu að hún freistaði þess með krafti sínum að færa eyjuna að landi. Björg svaraði:

Þótt fjöllin gæti ég fært úr stað
fyrir vísu og kvæði,
ég girntist ekki að gera það,
nema guð um leyfi bæði.

(Tómas Guðmundsson 1964 bls. 29)

Björg gaf sveitum sem hún fór um gjarnan umsögn; hér fylgja nokkur dæmi.

Mývatnssveit ég vænsta veit
vera á norðurláði.
fólkið gott en fær þann vott
að fullt það sé af háði
(Guðrún P Helgadóttir 1963 bls. 76)

Reykjadalur er sultarsveit
Sést hann oft með fönnum.
Ofaukið er í þeim reit
öllum góðum mönnum.
(Tómas Guðmundsson 1964 bls. 32)

Öllu er stolið ár og síð,
eins þó að banni Kristur.
Þelamörk og Þjófahlíð
það eru gamlar systur.
(Tómas Guðmundsson 1964 bls. 32)

Fagurt er í Fjörðum
Þá frelsarinn gefur veðrið blítt
heyið grænt í görðum
grös og heilagfiski nýtt.
En þegar veturinn að þeim gerir sveigja
veit ég enga verri sveit
um veraldarinnar reit.
Menn og dýr þá deyja.
(Baldur Jónsson, 2004 bls. 4)

Læt þetta duga um hinu kjarnmiklu konu Björgu Einarsdóttur.

Halldóra Haraldsdóttir

Heimildir

Baldur Jónsson. 2004. Sútur, Norðlenskt tímarit XXX árg. 43. hefti. Sögufélag Eyfirðinga

Guðrún P Helgadóttir. 1963. Látra-Björg. *Skáldkonur fyrri alda*.

Sagnir um kraftakveðskap Látra-Bjargar 1960. *Amma: Þjóðleg fræði og skemmtun*.
Finnur Sigmundsson, Steindór Steindórsson og Árni Bjarnason. Þjóðsaga.

Tómas Guðmundsson. 1964. Ættstór kona velur sér vergang. *Konur og kraftaskáld*.
Íslenskir örlagaþættir. Sverrir Kristjánsson og Tómas Guðmundsson. Forni.
Reykjavík.